

PRÓF til viðurkenningar bókara

I. HLUTI

Reikningshald

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Reikningshald I. hluti og er prófið þrískipt: Krossaspurningar (50%)
Skilgreiningar (20%), Smáverkefni (30%).

Prófdagur: 15. október 2015 **Kl.:** 13:00 – 16:00

Próftími alls: Prófið er 3 klukkutímar **Prófverkefnið er á 10**
blaðsíðum þ.m.t.
forsíða.

Leyfileg hjálpargögn: Kennitölublað **Fylgiblöð:** *Auð próförk*
Reiknivél af einfaldri gerð.

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL AUÐKENNA SKILMERKILEGA MED PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

I. Krossaspurningar – vægi 50% (90 mín.) – 2,5% fyrir hvern réttan kross
(Merkja skal við aðeins einn möguleika)

1. Hvaða grundvallaratriði í reikninghaldi er verið að tala um þegar átt við að „Tekjur skulu færðar í bókhald þegar þeirra er aflað án tillits til þess hvenær þær innheimtast og gjöld þegar þau falla til, óháð því hvenær þau koma til greiðslu“
 - a. Kostnaðarverðsregla
 - b. Tekju- og gjaldaregla
 - c. Mikilvægisregla
 - d. Rekstrargrunnur
 - e. Sjóðstreymi

2. Rekstramiðurstaða bókhaldstímabils er alltaf jákvæð þegar:
 - a. Eignir = Skuldir + Eigið fé
 - b. Innborganir er hærri en útborganir
 - c. Gjöld eru hærri en tekjur
 - d. Óráðstafað eigið fé er jákvætt.
 - e. Ekkert ofangreint er rétt

3. Í ársbyrjun námu eignir Blu ehf. kr. 1.599.100 og eigið fé var kr. -354.599 (neikvætt). Á árinu lækkuðu eignir um kr. 309.543 og eigið fé hækkaði um kr. 102.382. Hverjar voru skuldir í árslok?
 - a. 832.576 kr.
 - b. 1.541.774 kr.
 - c. 1.953.699 kr.
 - d. 1.244.501 kr.
 - e. 1.289.557 kr.

4. Vörukaup í september hjá Kofanum ehf. voru skráð sem vörusala í bókhaldi félagsins. Leiðréttingarfærsla vegna vörubirgða í bókhaldinu í árslok mun hafa eftirfarandi áhrif á rekstrarniðurstöðu:
- Hækkun á rekstrarniðurstöðu.
 - Lækkun á rekstrarniðurstöðu.
 - Engin áhrif á rekstrarniðurstöðu.
 - Hækkun á eigið fé félagsins.
 - Ekkert af ofangreindu.
5. Fyrirfram innheimtar tekjur eru færðar:
- Debet á skuldir.
 - Debet á eignir.
 - Kredit á eignir.
 - Kredit á tekjur.
 - Kredit á skuldir.
6. Í ársbyrjun 2014 voru eignir Unlimited ehf. 600.000 kr. og skuldir 350.000 kr. Í árslok stóðu eignir í 750.000 kr. og skuldir í 410.000 kr. Á árinu þá var framlag eiganda 130.000 kr. en jafnframt var úttekt hans 190.000 kr. Samkvæmt rekstrarreikningi ársins voru gjöld 145.000. Hver var hagnaður Unlimited ehf. á árinu 2014?
- 195.000 kr.
 - 295.000 kr.
 - 340.000 kr.
 - 250.000 kr.
 - 85.000 kr.
7. Við afstemmingu bankareiknings í ársuppgjöri hjá Klassik ehf. kemur í ljós að áramótasalan kemur ekki fram á bankayfirliti félagsins 31.12.2014. Hvaða lokafærslu þarf að gera í bókhaldi félagsins?
- Debet á tekjur og kredit á banka.
 - Debet á viðskiptakröfur og kredit á tekjur.
 - Debet á banka og kredit á skuldir.
 - Debet á tekjur og kredit á skuldir.
 - Enga lokafærslu þarf að gera í bókhaldinu.

8. Samkvæmt bókhaldi Carlson ehf. er sala ársins 2014 nettó 100 milljónir og rekstrargjöld 30 milljónir. Bruttó ágóði ársins er 60 milljónir. Hver er hagnaður ársins nettó?
- 30 milljónir
 - 70 milljónir
 - 40 milljónir
 - 100 milljónir
 - 60 milljónir

9. Ritz ehf. vill vita hver áhrif af mismunandi birgðamatsaðferðum er á ársreikning félagsins.

Á við um spurningar nr. 9 og 10.

Eftirfarandi upplýsingar eru að finna í bókhaldi félagsins fyrir árið 2014 er varða birgðir í ársbyrjun og innkaup ársins?

2.jan	Birgðir 1/1	500 stk á 3 kr/stk
7.apr	Innkaup	1.100 stk á 3,2 kr/stk
30.jún	Innkaup	400 stk á 4 kr/stk
7.des	Innkaup	1600 stk á 4,4 kr/stk

Seld voru 2.700 stk á 5 kr/stk á árinu. Hvert yrði kostnaðarverð seldra vara ef Ritz ehf. notar FIFO birgðamatsaðferð (First in, First out). Útreikningur á sér stað einu sinni á ári og fyrir allt árið.

- 2.780 kr.
 - 3.960 kr.
 - 10.880 kr.
 - 9.700 kr.
 - 10.120 kr.
10. Sömu forsendur og í krossaspurningu 9;
- Hvert yrði verðmæti lokabirgða samkvæmt meðaltalsaðferðinni?
- 3.415 kr.
 - 4.553 kr.
 - 10.245 kr.
 - 6.071 kr.
 - 5.230 kr.

11. Hvað af eftirtöldu mun færsla í debet hækka viðkomandi lið.

- a. Vörubirgðir
- b. Tekjur
- c. Viðskiptaskuldir
- d. Hlutfé
- e. Ógreiddur kostnaður

12. Greidd viðskiptakrafa að fjárhæð 1.000.000 kr. með peningum mun hafa eftirfarandi efnahagsleg áhrif:

- a. Hækka eignir að fjárhæð 1.000.000 kr.
- b. Lækka eignir að fjárhæð 1.000.000 kr.
- c. Lækka skuldir að fjárhæð 1.000.000 kr.
- d. Hækka skuldir að fjárhæð 1.000.000 kr.
- e. Hvorki hækkar eða lækkar eignir.

13. Efnahagsreikningur Kermit ehf. þann 30. júní 2014 er eftirfarandi:

Heildareignir	75.000
Heildarskuldir	30.000
Hlutfé	25.000
Óráðstafað eigið fé	20.000

Í júlí 2014 voru eftirfarandi hreyfingar í rekstrarreikningi félagsins:

Tekjur	38.000
Kostnaðarverð seldra vara (KSV)	27.000
Afskriftir	3.000
Leigugreiðslur	1.000
Launagreiðslur	4.000

Hvert verður óráðstafað eigið fé þann 31. júlí 2014?

- a. 24.000
- b. 29.000
- c. 23.000
- d. 21.000
- e. 25.000

14. Eftirfarandi eru nokkrar valdar stærðir úr tveimur síðustu ársreikningum Cari ehf. í þús.kr.:

Úr rekstrarreikningi:		ár 2014	ár 2013
Lánssala		36.600	31.800
Seldri vöru skilað		600	500
Vörukaup nettó		18.400	16.900
Hagnaður nettó		4.200	1.850
Úr efnahagsreikningi í árslok:			
Vörubirgðir		3.800	4.400
Viðskiptakröfur nettó		4.000	3.200
Handbært fé		1.800	1.650
Langtímaskuldir		12.300	14.100
Skammtímaskuldir		4.500	4.300

Útreikningur á kennitölu leiddi í ljós töluna 1,29. Hvað kennitölu var verið að reikna?

- Veltufjárhlutfall
- Lausafjárhlutfall
- Eiginfjárhlutfall
- Veltuhraða krafna
- Veltuhraða birgða

15. Vulkan ehf. færði í bókhaldið hjá sér tap upp á 600.000 kr. Þegar það seldi sendibíl fyrir 1.000.000 kr. sem hafði upphaflega kostað 5.600.000 kr. Uppsöfnuð afskrift sendibílsins er:

- 5.000.000 kr.
- 1.600.000 kr.
- 4.600.000 kr.
- 4.000.000 kr.
- 5.200.000 kr.

16. Radisson Red ehf. keypti þvottavél þann 1. júní 2013 fyrir kr. 1.500.00 og á hún að nýtast til hreinsunar á 1000 kg af handklæðum. Forsvarsmenn fyrirtækisins langar að vita hver afskrift vélarinnar verður á hverju ári. Líftími vélarinnar er talinn vera 5 ár og hrakvirði í lok líftíma kr. 150.000. Hver verður afskrift vélarinnar í lok áráanna 2013 og 2014 samkvæmt línulegri aðferð?

- Afskrift 2013: 300.000 kr.; Afskrift 2014: 300.000 kr.
- Afskrift 2013: 270.000 kr.; Afskrift 2014: 270.000 kr.
- Afskrift 2013: 157.500 kr.; Afskrift 2014: 270.000 kr.
- Afskrift 2013: 175.000 kr.; Afskrift 2014: 300.000 kr.

- e. Línuleg aðferð er ekki heimiluð á Íslandi.

17. Sömu forsendur og í krossasurningu 16;

Hver verður afskrift vélarinnar í lok áráanna 2013 og 2014 samkvæmt notkunaraðferðinni ef notkunin er 230 kg árið 2013 og 350 kg árið 2014?

- a. Afskrift 2013: 310.500 kr.; Afskrift 2014: 472.500 kr.
- b. Afskrift 2013: 472.500 kr.; Afskrift 2014: 310.500 kr.
- c. Afskrift 2013: 345.000 kr.; Afskrift 2014: 525.000 kr.
- d. Afskrift 2013: 525.000 kr.; Afskrift 2014: 345.000 kr.
- e. Notkunaraðferð er ekki heimiluð á Íslandi.

18. Áfallnir vextir á láni í árslok 2014 voru kr. 205.801. Vextir eru 9% og síðast greitt af láninu 1.ágúst 2014. Vísitala á gjalddaga var 416 stig og í árslok 422 stig. Hver var uppreiknuð staða lánsins þann 31.12.2014?

- a. 3.410.101 kr.
- b. 5.333.081 kr.
- c. 2.286.678 kr.
- d. 5.488.027 kr.
- e. 4.573.356 kr.

19. Hvar mundu hreyfingar vegna langtímaskulda sem hafa verið breytt í hlutafé birtast í sjóðstreymi?

- a. Hreinu veltufé.
- b. Rekstrartengdum breytingum á eignum og skuldum.
- c. Fjárfestingarhreyfingum.
- d. Í aukningu á handbæru fé
- e. Myndi ekki birtast í sjóðstreymi.

20. Hvar eiga afskriftir fastafjármuna að koma fram í sjóðstreymi skv. óbeinni aðferð?

- a. Fjárfestingarhreyfingum.
- b. Fjármögnunarhreyfingum.
- c. Rekstrarhreyfingum.
- d. Afskriftir eru sýndar sérstaklega fyrir neðan sjóðstreymið.
- e. Afskriftir fastafjármuna koma ekki fram í sjóðstreyminu.

II. Skilgreiningar – stuttar og hnitmiðaðar (5-10 línur) – vægi 20% (36 mín.)

- a. Lýsið sjóðstreymi.
- b. Lýsið óbeinni niðurfærslu krafna og beinni niðurfærslu. Nefnið 4 bókhaldsreikninga sem notaðir eru í bókhaldi almennt vegna niðurfærslna.
- c. Lýsið eiginfjárlutfalli.
- d. Lýsið dagverði birgða og tengingu þess við birgðamat.

III. Nokkur smáverkefni – vægi 30% (54 mín.)

Dæmi 1 - vægi 5% (9 mín.)

Eðli reikningshalds:

Merktu við hvort viðeigandi staðhæfing er rétt (R) eða röng (V)

___ Allir bókhaldsskyldir aðilar verða að nota tvíhliða bókhald.

___ Samkv. lögum um ársreikninga skal upplýsa um síðasta opinbera fasteignamat í ársreikningi.

___ Viðskiptakröfur og vörubirgðir er dæmi um rekstrarfjármuni.

___ Eigið fé hækkar úr 100 millj. í 120 millj. þá er sjálfgefið að hagnaður hafi verið 20 millj.

___ Almennigur er sá hópur sem hefur ekki not fyrir upplýsingar úr reikningskilum.

Dæmi 2 - vægi 10% (18 mín.)

Virðisaukaskattsuppgjör:

Öll sala og vörukaup hjá versluninni Brothers ehf. eru með 24% virðisaukaskatti. Í júlí og ágúst sl. nam vörusalan kr. 937.000 auk virðisaukaskatts. Vörukaup á sama tímabili námu kr. 601.000 auk virðisaukaskatts. Önnur aðföng námu kr. 261.450 m/vsk á tímabilinu. Vegna endursendra seldra vara á tímabilinu þurfti að bakfæra vörusölu upp á kr. 30.500 m/vsk. Auk þess skilaði Brothers ehf. keyptum vörum fyrir kr. 42.206 m/vsk og bakfærði af vörukaupareikningi.

1. Sýnið þær færslur sem þurfti að gera á VSK-reikninga vegna framgreindra viðskipta. Notið til þess T-reikninga.
2. Gerið VSK-uppgjör fyrir þetta tímabil og sýnið dagbókarfærsluna vegna uppgjörins við tollstjóra.

Dæmi 3 - vægi 15% (27 mín.)

Dagbókarfærslur

Sýndu dagbókarfærslur fyrir eftirfarandi viðskipti Bravo ehf. á árinu 2014. Stilla skal upp færslum eins og í sýnidæmi. Tilgreina þarf heiti bókhaldslykils og hvort færsla fari á RR eða EH.

Sýni- dæmi	Reikningur (Rekstrarreikningur "RR") Annar reikningur (Efnahagsreikningur "EH")	Debet XXX	Kredit XXX
10.jan	Fyrirtækið var stofnað með hlutfé að andvirði 100.000 kr. sem var allt greitt með peningum.		
11.jan	Keypt var lóð fyrir 60.000 kr. Kaupin voru fjármögnuð með útgáfu nýrra hlutabréfa.		
1.feb	Tekið er rekstrarlán fyrir 40.000 kr. til vélarkaupa og er hún keypt samdægurs.		
1.feb	Vörusala án VSK út í reikning fyrir 70.000 kr.		
1.apr	Viðskiptavinir greiddu reikninga upp á 55.000 kr.		
23.maí	Reiknaður launakostnaður er 5.000 kr.		
1.jún	Greidd voru laun sem reiknuð voru 23. maí að teknu tilliti til fyrirfram greiddra launa sem voru 500 kr.		
1.sep	Bravo ehf. tók á leigu húsnæði. Húsaleiga kr. 12.000 var greidd fyrirfram fyrir næstu 6 mánuði.		
31.des	Uppgjörsfærsla var gerð vegna fyrirfram greiddrar húsaleigu.		